

Hæstvirtur Utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson  
Utanríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík.  
Bréfasími 562 3068. Netfang: [katrinja@althingi.is](mailto:katrinja@althingi.is)

2. febrúar 2009.

## OSCE bíður eftir boðsbréfi Íslands vegna kosningaefirlits.

Hæstvirtur utanríkisráðherra,

Ég hef í dag rætt við Jens-Hagen Schenbaeher hjá OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights í Warsaw, vegna þeirra leiðu staðreynda að hér er ekki hægt að halda lýðræðislegar kosningar nema gera bragabót á fjölmiðlun og ekki síst ríkisfjölmiðlunum.

Lýðræðishreyfingin hefur leitað aðstoðar OSCE og óskað eftir að hingað verði sendir án tafar eftirlitsmenn til að taka á þeirri mismunun í aðgangi að útsendingum Ríkisútvarpsins og RÚV.

Jens segir mér að þar sé beðið eftir boðsbréfi frá Íslandi sem stjórnvöldum beri að senda. Það bréf hafi hinsvegar ekki borist OSCE en slíkt sé venjulega sé sent frá Utanríkisráðuneyti þjóðar.

Þess er KRAFIST að Utanríkisráðherra sendi ofangreint boðsbréf til OSCE í dag. Þar sem búið er að boða kosningar hér með aðeins rúmlega 80 daga fyrirvara þolir þetta mál enga bið.

Lýðræðishreyfingin mun ekki sætta sig við áframhaldandi þöggun ríkisfjölmiðlanna. Leiðrétti nýskipaður ráðherra ekki okkar hlut hvað varðar aðgengi að ríkisfjölmiðlunum, munu samtökin grípa til þeirra aðgerða bæði innanlands og erlendis sem við teljum nauðsynlegar til að verja okkar lýðræðislega rétt til að taka þátt í kosningabaráttunni á jafnréttisgrundvelli.

Ísland mun verða að enn frekara athlægi á alþjóða vettvangi ef það spyrst út að hér sé efnt til kosninga í skugga fjölmiðla sem stjórnað er eins og tíðkast í alræmdustu einræðisríkjum.

Lýðræðishreyfingin krefst að fá í Ríkisútvarpinu og RÚV í útsendingartíma án tafar þær 20-30 klukkustundir sem aðrir hafa fengið hjá ríkisfjölmiðlunum til að kynna þjóðinni boðskap sinn. Hreyfingin Raddir fólksins og Opinn borgarafundur hafa fengið slíkan aðgang að undanfögnu á meðan Lýðræðishreyfingin er hundsuð. Þetta þarf að leiðrétta strax! Við höfum áriðandi boðskap til þjóðarinnar sem þarf að koma til skila nú strax í tíma fyrir kosningar.

Fulltrúar Lýðræðishreyfingarinnar eru tilbúnir að mæta til viðræðna við ráðherra og útvarpsstjóra um nánari útfærslu á útsendingum okkar. Jafnvel að leggja til efnið með dagskrárgerðarstræum til RÚV og vinna efnið í eigin hljóð og myndveru. Við getum ekki séð að það ætti að verða vandkvæðum bundið að hliðra til í dagskrá Ríkisútvarpsins og RÚV. Einfalt væri að setja til hliðar skemmtiefni sem annarsstaðar er fánlegt og hleypa lýðræðinu í loftið.

Samkvæmt lögum ber Ríkisútvarpinu að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Ríkisútvarpinu ber að gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð og veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttabjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. **Petta segja lögin!**

Þessum skyldum sínum traðka starfsmenn Ríkisútvarpsins ofaní ræsið. Lýðræðishreyfingin, sem eru skráð stjórnmalasamtök á Íslandi, fær enga umfjöllun um sín stefnumál. Fréttatilkynningar okkar fá ekki umfjöllun og skriflegum erindum til útvarpsstjóra er ekki svarað. Samtökin eru hundsuð! Á sama tíma veitir Ríkisútvarpið og RÚV vinstrisinnuðum vindhönum greiðan aðgang til að gala lýðskrum yfir þjóðina í útvarps og sjónvarpsútsendingum klukkutímum saman.

Það er lýðskrum að boða til “borgarafunda” og kalla það “breiðfylking” eða “raddir fólksins” og segjast gefa öllum tækifæri að tjá sig, en banna síðan flesta aðra frá umræðunni nema vinstri græna eða fólk með kommúnískar hugsjónir. Þetta er lýðskrum úr sovét-fasisma Stalíntímans.

Undirritaður reyndi með friðsamlegum hætti að fá aðgang að ofangreindum fundum sem Ríkisútvarpið og RÚV hafa útvarpað og sjónvarpað, en því var alfarið hafnað að Lýðræðishreyfingin ætti þar fulltrúa og talsmann. Í tvígang hefur undirritaður verið borinn út af fundum þessara samtaka og í þriðja sinn meinað innganga af einkennisklæddum dyravörðum á fund samtakanna í Iðnó. Skipti engu máli þótt fundargestir óskuðu að heyra það sem undirritaður hafði fram að færa, en fundarstjóri hafði kosningu um það á fundinum að engu.

Á meðan útsendingar Ríkisútvarpsins og RÚV hampa vinstri vindhönum í Kastljósi, Silfri Egils og öðrum þáttum ríkisfjölmiðilsins, er Lýðræðishreyfingin sniðgengin. T.d. í dag fengu samtökin “Raddir fólksins” á aðra klukkustund í beinni útsendingu sem þeir notuðu til að tilkynna með reglulegu millibili eða auglýsa “opið hús” sinna nýju stjórnmalasamtaka og “tónleika” sem efnt er til fyrir fjáröflun þeirra en aðgangseyrir rennur óskiptur til þeirra. Þá var flutt frétt á RÚV undir nafninu “Barist fyrir endurnýjun lýðræðis” og þar var Lýðræðishreyfingin einnig hundsuð!

Það er með ólíkindum að í forsæti fyrir ríkisfjölmiðil þjóðarinnar hafi valist einstaklingur sem engan skilning ber á grundvallarreglum lýðræðis. Hvernig getur Lýðræðishreyfingin kynnt sín baráttumál fyrir þjóðinni eða tekið þátt í alþingiskosningum á jafnréttisgrundvelli við slíka fjölmiðlun sem raun ber vitni? Að samtök okkar séu algerlega sniðgengin á meðan aðrir fá ómældan aðgang til að kynna sín stefnumál og meira segja til að afla peninga í sín framboð með aðstoð fjölmiðla ríkisins. Lýðræðishreyfingin fær heldur enga styrki frá ríkinu til síns framboðs eins og þau stjórnmalasamtök sem sitja á Alþingi. **Kalla menn þennan skrípaleik lýðræði?**

Virðingarfyllst,  
Lýðræðishreyfingin



Ástþór Magnússon – Sími 4962002 – Netfang: [thor@lydveldi.is](mailto:thor@lydveldi.is)

Afrit: OSCE Office for Democratic Institutions and Human Rights. Fax: +48 22 520 0605  
Dóms og kirkjumálaráðuneytið. Símbref: 5527340. Netfang: [postur@dkm.stjr.is](mailto:postur@dkm.stjr.is),  
Útvarpsréttarnefnd. Símbref: 5623068. Netfang: [utvarpsrettarnefnd@utvarpsrettarnefnd.is](mailto:utvarpsrettarnefnd@utvarpsrettarnefnd.is)  
Menntamálaráðherra. Símbref: 5623068. Netfang: [katrinja@althingi.is](mailto:katrinja@althingi.is)  
Menntamálanefnd Alþingis. Netfang: [ragnheidurb@althingi.is](mailto:ragnheidurb@althingi.is)  
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: [magneam@althingi.is](mailto:magneam@althingi.is)  
Umboðsmaður Alþingis. Símbref: 5106701. Netfang: [postur@umb.althingi.is](mailto:postur@umb.althingi.is).  
Blaðamannafélag Íslands. Símbref: 5539177. Netfang: [bi@press.is](mailto:bi@press.is)  
Reporters Without Borders. Fax: +33 1 44838484. Email: [rsf@rsf.org](mailto:rsf@rsf.org)  
Alþingismenn: Sent á póstlista. Birt á bloggvef Morgunblaðsins: <http://lydveldi.blog.is>